



16. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Fjarfundur • miðvikudagur 5. janúar 2022 kl. 09:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson (GH), Einar Karl Birgisson (EKB), Jón Bender (JB) Herbert S. Arnarson (HSA) og Guðrún Kristmundsdóttir (GK), Lárus Blöndal (LB) og Erlingur Hannesson (EH).

Einnig sátu fundinn Kristinn Geir Pálsson afreksstjóri (KGP), Snorri Örn Arnaldsson mótastjóri (SÖA) og Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir mótafulltrúi (SHG).

SÖA ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar ekki verið send út.

HSJ þakkaði stjórnarmönnum fyrir að bregðast skjótt við boðun stjórnarfundar með litlum fyrirvara.

2. Mótamál og staðan í COVID19 heimsfaraldrinum

Mótanefnd og mótastjóri funduðu í gær þriðjudag 4. janúar um stöðuna í mótahaldi vegna mikillar fjölgunar smita og sóttkvíar vegna heimsfaraldurs COVID-19. Að beiðni mótanefndar tók mótastjóri saman veglegt minnisblað um allt sem snýr að okkar mótahaldi. LB og SÖA fóru yfir hvað mótanefnd leggur til. HSJ hrósaði mótanefnd og mótastjóra fyrir hraða og greinargóða vinnu, aðrir stjórnarmenn tóku undir það.

Umræður um minnisblaðið og tillögur mótastjóra og mótanefndar. Það er mat stjórnar, mótanefndar og starfsmanna sambandsins að halda mótahaldi áfram á meðan lög og reglur í landinu leyfa og vinna áfram náið með yfirvöldum í þeirra ákvörðunum hverju sinni.

Tillögur mótanefndar og minnisblað mótastjóra samþykkt.

Sendar verða upplýsingar til aðildarféлага KKÍ strax að loknum þessum fundi.

3. Önnur mál

Rætt um að halda upplýsinga- og spjallfund með formönnum aðildarféлага á næstu dögum

Fleira var ekki bókað og fundi slitið kl. 09:35

Ákvarðanir:

- Halda móthaldi gangandi áfram samkvæmt lögum og reglum í landinu



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ

Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

- Færa úrslitahelgi VÍS bikarins frá 12.-16. janúar til 16.-20. mars.
- Stefna á upplýsingafund með formönnum aðildarfélaganna á næstu dögum